



## Fundargerð

1367. fundur bæjarráðs Reykjanesbæjar, haldinn í Merkinesi, Hljómahöll  
28. apríl 2022 , kl. 08:00

### Viðstaddir:

Friðjón Einarsson formaður, Baldur Þ. Guðmundsson, Halldóra Friða Þorvaldsdóttir, Margrét A. Sanders og Valgerður Björk Pálsdóttir.

Guðbrandur Einarsson boðaði forföll, varamaður Valgerður Björk Pálsdóttir sat fyrir hann. Jóhann Friðrik Friðriksson boðaði forföll, varamaður Halldóra Friða Þorvaldsdóttir sat fyrir hann.

Að auki sátu fundinn Margrét Þórarinsdóttir áheyrnarfulltrúi, Kjartan Már Kjartansson bæjarstjóri og Hrefna Gunnarsdóttir ritari.

\* \* \*

### **1. Ársreikningur 2021 og endurskoðunarskýrsla (2021110292)**

Sturla Jónsson og Theodór S. Sigurbergsson frá Grant Thornton endurskoðun ehf., Regína F. Guðmundsdóttir fjármálastjóri og Þorgeir Sæmundsson deildarstjóri reikningshalds mættu á fundinn og kynntu drög að endurskoðunarskýrslu vegna endurskoðunar ársreiknings Reykjanesbæjar fyrir árið 2021.

### **2. Sumarstörf fyrir ungmenni með stuðningsþarfir (2022040278)**

Hera Ósk Einarsdóttir sviðsstjóri velferðarsviðs og Vilborg Pétursdóttir teymisstjóri barna- og fjölskylduteymis mættu á fundinn. Lagt fram erindi um kostnaðarþátttöku Reykjanesbæjar vegna sumarstarfa fyrir ungmenni með stuðningsþarfir, kr. 7.957.080.

Bæjarráð samþykkir að vísa erindinu til viðauka í fjárhagsáætlun 2021.

### **3. Sumarúrræði fyrir börn með stuðningsþarfir (2022040277)**

Hera Ósk Einarsdóttir sviðsstjóri velferðarsviðs og Vilborg Pétursdóttir teymisstjóri barna- og fjölskylduteymis mættu á fundinn. Lagt fram erindi um aukinn kostnað umfram fjárhagsáætlun vegna Ævintýrasmiðjunnar, sumarúrræðis fyrir börn með stuðningsþarfir, kr. 4.106.880.

Bæjarráð samþykkir að vísa erindinu til viðauka í fjárhagsáætlun 2021.

### **4. Erindi frá aðalstjórn U.M.F.N vegna knattspyrnudeildar (2022040093)**



Lagt fram erindi frá aðalstjórn U.M.F.N. vegna knattspyrnudeildar um styrk vegna tekjutaps sem er tilkominn vegna Covid 19 faraldursins.

Formaður bæjarráðs leggur til að bæjarráð samþykki að vísa erindinu til viðauka í fjárhagsáætlun 2021. Áætlaður styrkur kr. 3.500.000. Samþykkt 5-0.

#### **5. Erindi frá aðalstjórn Keflavíkur vegna knattspyrnudeildar (2022040096)**

Lagt fram erindi frá aðalstjórn Keflavíkur vegna knattspyrnudeildar um styrk vegna tekjutaps sem er tilkominn vegna Covid 19 faraldursins.

Formaður bæjarráðs leggur til að bæjarráð samþykki að vísa erindinu til viðauka í fjárhagsáætlun 2021. Áætlaður styrkur kr. 7.000.000. Samþykkt 5-0.

#### **6. Knattspyrnudeild Keflavíkur – endurnýjun samnings um rekstur íþróttasvæða (2022010206)**

Formaður bæjarráðs leggur til að samningur um rekstur íþróttasvæða verði endurreiknaður miðað við vísitölu neysluverðs frá 2016. Áætluð hækkun kr. 4.000.000. Samþykkt 5-0.

#### **7. Knattspyrnudeild UMFN – endurnýjun samnings um rekstur íþróttasvæða (2022010444)**

Formaður bæjarráðs leggur til að samningur um rekstur íþróttasvæða verði endurreiknaður miðað við vísitölu neysluverðs frá 2016. Áætluð hækkun kr. 3.000.000. Samþykkt 5-0.

#### **8. Sumarstörf ungs fólks (2022040275)**

Lögð fram erindi frá knattspyrnudeildum Keflavíkur og U.M.F.N. um stöðugildi á vegum vinnuskóla Reykjanesbæjar.

Formaður bæjarráðs leggur til að Keflavík fái þrjá starfsmenn og Njarðvík tvo. Miðað er við laun í þrjú mánuði miðað við 17 ára aldur. Samþykkt 5-0.

#### **9. Listamaður Reykjanesbæjar 2022-2026 (2022010277)**

Málinu frestað.

#### **10. Barnvænt sveitarfélag – innleiðing Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna (2020021548)**

Lögð fram greinargerð.

#### **11. Skaðaminnkunarverkefnið Frú Ragnheiður – beiðni um styrk (2022040569)**

Bæjarráð samþykkir að styrkja samtökin um kr. 250.000, tekið út af bókhaldslykli 21-011-9220.

#### **12. Aðalfundur Eignarhaldsfélagsins Fasteignar ehf. 28. apríl 2022 (2022040329)**

Aðalfundarboð lagt fram. Bæjarráð felur Friðjóni Einarssyni formanni bæjarráðs að fara með atkvæði Reykjanesbæjar.

#### **13. Fundargerðir stjórnar Þekkingarseturs Suðurnesja 10. febrúar og 20. apríl 2022 (2022040600)**



Fundargerðir lagðar fram.

**14. Fundargerð neyðarstjórnar 26. apríl 2022 (2022010209)**

<https://www.reykjanesbaer.is/is/stjornsysla/stjornsyslan/fundargerdir/neydarstjorn/77-fundur>

**15. Gátlisti fyrir neyðarstjórn (2022040622)**

Lagður fram gátlisti sem hafður skal til hliðsjónar til að tryggja sem best samfelldan rekstur sveitarfélagsins.

Bæjarráð gerir ekki athugasemdir við framlagðan gátlista.

**16. Umsókn um tækifærisleyfi – Nemendafélag Fjölbrautaskóla Suðurnesja (2022040383)**

Erindi Sýslumannsins á Suðurnesjum vegna umsóknar um tækifærisleyfi. Bæjarráð samþykkir erindið fyrir sitt leyti.

---

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 10:15.